

EYSTRAHORN

20.tbl. 41. árgangur

1.júní 2023

www.eystrahorn.is



ljósmynd: Jón Þórðarson

LÍFIÐ Á SJÓNUM: SJÓFERÐ REYNIS ÓLASONAR



Reyni Ólasyni er sjómennskan í blóð borin, hann stundaði sjóinn í tugi ára og hefur upplifað hæðir og lægðir lífsins á höfum úti. Í tilefni þess að sjómannadagurinn er framundan settist Eystrahorn niður með Reyni í spjall um lífið á sjónum.

Reynir kom til Hornafjarðar árið 1978 í sumarfrí sem hann er enn í segir hann léttilega. Hann lét til leiðast að taka einn túr á bátnum Þóri, sem endaði í mörgum túrum yfir 9 ára tímabil. Reynir var þar með alfluttur til Hornafjarðar og endaði sjómennsku sína á Hvanney árið 1999. Í gegnum árin lenti Reynir í fjölmörgum eftirminnilegum atvikum sem hann rifjaði upp með glöðu geði, þar á meðal vísu sem skipstjórinn samdi til Reynis og félaga hans þegar þeim gekk illa að gera við bilaða lensu.

Lensan ekki lensaði þeir unnu í henni tveir. Eysteinn spurði Reyni en hann bara vissi ekki meir.

Lensuna löguðu þeir á endanum og allt fór vel, en vísan sat eftir sem góð minning. En það segir Reynir hafa verið það besta við sjómennskuna, samböndin og tengslin sem mynduðust í áhöfnunum. Sameiginleg upplifun og þessi langi tími sem menn eyddu saman um borð tengja menn einstökum böndum sem eru Reyni mjög kær enn þann dag í dag. Hann segir að það hafi aldrei komið neitt annað til greina en að stunda sjóinn, hann hafi ekki fundið sig eins vel í landi, þar mynduðust ekki þessi tengsl í starfi sem Reynir segir vera einstök. Hann segir sjómannasamfélagið í heild sinni einnig vera mjög gott. Þar séu menn miklir vinir og alltaf gaman að hittast, hvort sem þeir voru saman á bát eða ekki, það samanstendur af góðu neti einstaklinga sem skilja erfiðleikana og sigrana sem fylgja lífinu á sjó.

Reynir segir fátt betra en að vera í góðu veðri á rekneti, „það var bara svo skemmtilegt“ segir hann glaðlega. Hann rifjar upp eftirminnilegt atvik þegar hann

og skipsfélagar voru á trolli í Berufirði. Þeir hafi verið nýbúnir að kasta út þegar heyrðist af fiskeríi á öðrum stað, þeir létu ekki segja sér það tvisvar og drifu sig af stað.

Þegar á staðinn var komið fengu þeir nokkra þorska og eina stærðarinnar lúðu, sem vó um 200 kg. Reynir ákvað að demba sér í málið og blóðga lúðuna, hann stakk hendinni upp í hana og ætlaði að hefjast handa þegar lúðan smellti saman skoltinum og neitaði að sleppa. Skipsfélagar hans reyndu hvað þeir gátu til þess að frelsa Reyni en allt kom fyrir ekki og lúðan hélt honum í 1,5 klukkustund. Honum var ekki meint af en lærði þó af reynslunni og hefur ekki stungið hendi í skolt lúðu síðan.

Reynir segist vissulega sakna sjómennskunnar, en þó minna en áður. Honum hafi þótt erfitt fyrst um sinn eftir að hann lagði sjóhattinn á hilluna árið 1999. Honum þótti tímabært að hætta til þess að gefa sér meiri tíma fyrir aðra hluti lífsins, enda er sjómanslífið eins og við flest vitum erfitt og slítandi og ber dýrmætan fórnarkostnað, að vera í burtu frá heimilislífinu og fjölskyldu, sem Reynir segir að hafi vissulega tekið sinn toll. En líf hans hafði verið samofið hafinu svo lengi að aðskilnaðurinn var erfiður. Hann tók þó einstaka túra á humartrolli sem hann hafði gaman af.

Reynir segir að hann hefði engu viljað breyta í lífinu, hann býi að dýrmætri vináttu og tengslum við fólkið sem fylgdi honum í vegferðinni og hann sendir að lokum öllum sjómönnum hugheilar óskir í tilefni dagsins. Eystrahorn tekur heilshugar undir þá kveðju og þakkar Reyni fyrir skemmtilegt spjall.

Gleðilegan sjómannadag



Þingvað ehf
byggingaverktakar



Medial ehf. lögmannsstofa og fasteignasala sendir sjómönnum, fjölskyldum þeirra og Hornfirðingum öllum hátíðarkveðjur í tilefni sjómannadagsins!

Til hamingju sjómenn!



Eystrahorn óskar sjómönnum og aðstandendum þeirra til hamingju með sjómannadaginn



SJÓMANNADAGSHELGIN Á HAFINU

FIMMTUDAGUR 1.JÚNÍ
PUB QUIZ

FÖSTUDAGUR 2.JÚNÍ
KARAOKE

LAUGARDAGUR 3.JÚNÍ
OPIÐ FRÁ 13-21

SUNNUDAGUR 4. JÚNÍ
ALMENN GLEÐI

Lifandi vatn
Lifandi Vatn með Ólaf Hólm

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænaundir
fimmtudaga klukkan 19:30

VÍÐ NÖKKUM TÍÐI SÍÐ ÞIG.

Jesus segir:
Ei nokkurn þyrstir þú komi hann
til mín og drekki.
Ei hefur þú þess trú á mig
munu renna
Lokar lífið sítt

Instagram Facebook

Til sölu er rafmagns/leður lyftistóll,
svartur á lit.
Verð: kr. 50.000

Guðlaug Hestnes
S: 864-4917



Golfnámskeið fyrir börn

6. – 23. júní þrjá daga í viku,
mánudaga,
miðvikudaga og fimmtudaga.
9 ára og yngri kl: 09:00
10 ára og eldri kl: 10:00

Verð kr 8000. Skráning fer fram í golfskálanum
5. júní áður en æfing hefst.
Umsjónarmaður námskeiðsins er
Halldór Steinar Kristjánsson

Minum á námskeiðið fyrir nýliða og unglinga
dagana **1. og 2. júní. Frítt**

Auk þess geta áhugasamir bókað sig í tíma á
netinu hjá Margeiri Vilhjálmsyni PGA
golfkennara

<https://www.golfnamskeid.is/nmske>
Sms í síma 8975690.
tölvupóstur ghh1971@simnet.is

Íþrótt og leikjanámskeið Sindra.



Námskeiðin eru fyrir börn fædd
2013 – 2016.

Fyrsta námskeiðið byrjar mánudaginn **5. júní** og
kostar 14.000kr,
veittur er 20% afsláttur ef skráð er á bæði, einnig
er 20% systkinaafsláttur.

**Skráning fer fram inn á [www.sportabler.com/](http://www.sportabler.com/shop/umfsindri)
shop/umfsindri**

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Sindra.

Further information and english version –
www.umfsindri.is



**Bifreiðaskoðun á Höfn
19., 20. og 21. júní.**

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 16. júní.
Næsta skoðun 17., 18. og 19. júlí.
Þegar vel er skoðað

Austurbraut 20 Sími: 662-8281

Útgefandi: Eystrahorn ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Netfang: arndis@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Prentun: Litlaprent





Við leitum að fólki í eftirtalin störf frá 1. ágúst 2023

Tímabundið starf í náms- og starfsráðgjöf vegna námsleyfis

Starfshlutfall: 50% með möguleikum á stærra hlutfalli í öðrum skyldum verkefnum.

Hæfnikröfur: Menntun í náms- og starfsráðgjöf, góð samskiptahæfni og áreiðanleiki.

Kennari í vélstjórn

Starfshlutfall: 50-70%

Hæfnikröfur: Fagmenntun og kennsluréttindi í framhaldsskóla, góð samskiptahæfni og áreiðanleiki.

Helstu verkefni og ábyrgð: Kennsla og skipulag náms.

Matráður

Starfshlutfall: 80%

Hæfnikröfur: Reynsla af sambærilegum störfum, góð samskiptahæfni og áreiðanleiki.

Helstu störf: Umsjá með rekstri mótuneytis skólans, matar- og áætlanagerð ásamt almennum verkefnum í mótuneyti.

Launakjör samkvæmt stofnanasamningi við viðkomandi stéttarfélag.

Upplýsingar um störf veitir skólameistari

Lind Völundardóttir - lind@fas.is

Nýheimum | 780 Höfn | Sími 470 8070 | www.fas.is



HAFNARKIRKJA

Sjómanna daginn 4.júní

Sjómanna dagsmessa kl. 14:00

Ásta Soffía Þorgeirsdóttir,
harmónikkuleikari, spilar á
harmónikku frá kl. 13:40 -14:00

Hugleiðingu flytur Ólafur Jónsson

Verið öll hjartanlega velkomin



BJARNANESKIRKJA

Sunnudaginn 4.júní

Fermingarmessa kl. 11:00

Fermd verður: Klara Margrét Jónsdóttir

Verið öll hjartanlega velkomin

Barnastarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar 2023

Ferðir í sumar:

- 6. júní Flatey
- 13. júní Fuglaskoðun
- 20. júní Listasmiðja
- 27. júní Mikley
- 4. júlí Lón
- 11. júlí Fjöruferð
- 18. júlí Bergárdalur
- 25. júlí Hoffell
- 8. ágúst Óvissuferð

Fylla þarf út leyfisblöð við fyrstu ferð barns og fást þau á bókasafninu.
Skrá þarf í hverja ferð á mánudögum.
og fer skráning fram í síma 470 8050.



Nú líður að því að barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar fari af stað. Þar gefst krökkum á grunnskólaaldri, sem lokið hafa 1. bekk tækifæri á að kynna nærumhverfi okkar á nýjan hátt.

Í ár munum við ferðast um víðan völl og hlakkar okkur til að sjá sem flesta í barnastarfi sumarsins. Farið verður af stað kl. 13:00 alla þriðjudaga nema annað sé tekið fram.

Farið verður afstað frá Nýheimum. Við minnum ykkur á að koma klædd eftir veðri og með nesti.

Frítt er í allar ferðir.

Birt með fyrirvara um breytingar



DANSINN LENGIR LÍFIÐ



krakkaklúbbum Kóbru svo henni hafið flogið í hug að kanna hvort áhugi væri fyrir dansnámi líka. Ragnheiður fékk styrk úr uppbyggingarsjóði Suðurlands til þess að halda námskeiðið í sumar sem verður þá um leið könnun um hvort áhugi sé fyrir áframhaldandi framboði á dansnámi.

Í boði verða tvö námskeið án aldurs aðgreininga fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-18 ára Námskeiðin miðast við byrjendakennslu á báðum sviðum, ballett og samtímadans. Á ballett námskeiðinu læra þátttakendur grunninn í ballett, æfingar, stöður og stuttar kóreografiur. Á samtímadans námskeiðinu læra þátttakendur grunnatriði og nokkrar dans

samsetningar í samtímadansi, en vegna þess að hugmyndafræði samtímadans er sú að allir líkamar geti dansað og hafa sinn einkennandi dansstíl verður lögð áhersla á spuna og danssmíð. Spuni og danssmíðin er unnin út frá ákveðnum reglum eða þemum og mun hópurinn ákvarða hvert ferlið leiðir. Vonin er svo sú að slá upp sýningu í lok námskeiðsins til þess að sýna afrakstur þess.

Aðspurð hvers vegna dans sé mikilvægur segir Ragnheiður dans hafi margvíslega kosti. Hann er góð líkamsrækt sem ýtir undir aga og sköpunargáfu samtímis. Dans kveikir einnig á losun dópamíns, þekkt sem „hamingjuhormónið“, og veitir gleði og hamingju. „Að dansa er bæði einstaklings og

hóp iðkun. Þú þarft bæði að styrkja þig og læra nýja tækni og spor, en einnig þarftu að vinna í hópi, dansa í samhæfingu með öðrum og ef um danssköpun er að ræða þartu að tileinka þer umburðalyndi, samræðuhæfni og dansstíl annarra. Það er ekkert betra en að dansa og æfa dans, dansinn lengir lífið“.

Ragnheiður hefur í nægu að snúast og segist eiga nóg í pokahorninu fyrir framtíðarverkefni. Hún segist hlakka mikið til að sjá hvernig viðtökurnar verða á námskeiðinu og hvort grundvöllur sé til þess að halda úti dansnámi hér í Hornafirði. Ef aðsóknin verður góð og þátttakan framfar öllum vonum gæti hún jafnvel hugsað sér að stofna Listdansskóla Hornafjarðar, sem yrði svo sannarlega flott viðbót við það frábæra tómsundarstarf sem í boði er hér á Hornafirði.

Eystrahorn þakkar Ragnheiði fyrir spjallið og óskar henni og framtíðardönsurum Hornafjarðar góðs gengis og skemmtunar í sumar.

Listakonan Ragnheiður Sigurðardóttir Bjarnason er búin að vera dansari eins lengi og hún man eftir sér. Ferðalagið byrjaði við fjögurra ára aldurinn í Balletskóla Eddu Scheving og hélt áfram upp í háskóla þar sem hún menntaði sig í samtímadansi. Síðastliðin ár hefur Ragnheiður hvílt dansskóna á meðan hún hefur snúið sér meira að myndlist og gjörningum. Hún vinnur nú að sýningu sem verður bæði á Höfn og í Sláturhúsinu á Egilsstöðum sem Ragnheiður segist vera mjög spennt fyrir. Ásamt því að vera starfandi listakona er hún nýtekin við sem sviðslistakennari FAS þar sem hún hefur verið að þróa og þétta listnámið þar.

Í sumar ætlar hún þó að setja upp dansskóna á nýjan leik og bjóða börnum og ungmennum upp á dansnámskeið á Höfn. Ragnheiður segir að hugmyndin hafi vaknað í umræðum um þörf fyrir tómsundarstarf fyrir börn og ungmenni á Hornafirði. Hún segir Menningarmiðstöð Hornafjarðar og listakonuna Hönnu Dís hafa verið að vinna frábært starf með




HIRÐINGJARNIR STYRKJA STARF ÞRYKKJUNNAR

Félagsmiðstöðin Þrykkjan er með starf fyrir unglíngana í samfélaginu, þar sem þau geta komið og notið sín í umhverfi sem er tileinkað þeim. Þau geta spilað tölvuleiki saman, farið í fullt af leikjum bæði úti og inni, spilað borðspil og á hverri opnun er einnig einhver skipulögð dagskrá sem þau geta tekið þátt í. Með því erum við að efla félagsfærni þeirra sem eykur allt sem tengist vellíðan í lífinu. Fyrri stuttu gáfu Hirðingjarnir okkur 1,1 milljón og sá peningur mun fara í að efla og bæta starfið. Með þessari grein langar okkur að segja takk kærlega fyrir kæru Hirðingjakonur. Einnig langar okkur að hvetja samfélagið til að halda áfram að fara með hluti í Hirðingjana svo þær geti haldið áfram að með þetta frábæra starf.

Starfsmenn Þrykkjunnar



Í ÞÁGU SAMFÉLAGSINS



Björgunarfélag Hornafjarðar og Slysavarnadeildin Framtíðin hafa unnið að undirbúningi nýs húss fyrir félögin. Hugmyndin að nýju húsnæði er þó ekki ný af nálinni en árið 2018 fór af stað greiningarvinna á vegum viðbragðsaðila á húsnæðisþörf. Verkefnið sofnaði svo í Covid en síðastliðið ár færðist kraftur í verkefnið og niðurstöðu þeirrar vinnu má sjá á meðfylgjandi mynd. Við erum afar stolt af vinnunni og ótrúlega ánægð með útkomuna. Frumherji mun flytja

sína starfsemi með okkur og opnar fullbúna skoðunarstöð og að auki munu Sjúkraflutningar flytja sína starfsemi með okkur í húsnæðið ásamt Rauða Kross Íslands og svo er stutt yfir til Slökkviliðs Hornafjarðar, sem býr til mikið betri samstarfsvettvang fyrir viðbragðsaðila á Höfn.

En af hverju erum við að standa í þessu? Fyrst og fremst er núverandi húsnæði eininganna barn síns tíma og stendur, að okkar mati, í vegi fyrir eðlilegri framþróun eininganna. Þar að auki vissum við frá vinnunni síðan 2018 að sjúkraflutningar væru í húsnæðisþörf og sömuleiðis Rauði Krossinn og var það eindreginn vilji okkar að draga saman viðbragðsaðila í eitt húsnæði.

Næsti fasi er fjármögnun og með 200 milljóna króna styrk frá Skinney-Þinganesi hlaut verkefnið vængi og var hugmyndin að fara með það á flug núna um Sjómannadagshelgina! Þess vegna vilja Björgunarfélag Hornafjarðar og

Slysavarnadeildin Framtíðin bjóða öllum Hornfirðingum til að mæta á staðinn með skóflurnar sínar og saman tökum við fyrstu skóflustunguna að húsinu, á lóðunum okkar við Sæbraut (norðan við Gárúna og slökkvistöðina) laugardaginn 3. júní klukkan 11:00 og í kjölfarið verður opið hús í húsi eininganna þar sem boðið verður upp á léttar veitingar.

F.h Björgunarfélags Hornafjarðar og Slysavarnaeildarinnar Framtíðin
Finnur Smári Torfason
Erla Berglind Antonsdóttir



SKIPTINEMA ÖNNIN MÍN Á ÍSLANDI



Mynd: Amylee Trindade, Pia Wrede og Nicole Trindade Alvarez

Til að byrja með, verð ég að biðjast afsökunar því að áður en ég kom hingað þá vissi ég ekki hvernig á að bera fram Höfn. Af hverju er F eins og P? Ég lofa að það verður leiðrétt af mér í framtíðinni. Hæ, ég heiti Pia og ég er skiptinemi frá Þýskalandi. Ég er í ellefta bekk og ákvað að vera seinni önn ársins í öðru landi, nefnilega Íslandi.

Bara það að reyna að komast hingað var ævintýri. Ég eyddi mörgum klukkutímum á google kortum að leita að skólum sem hefðu vefsíður (hugsanlega var samt til auðveldari leið). Ég skrifaði í kringum tólf bréf, vorið 2022, og einungis tveir skólar svöruðu. Annar sagði mér á ekki mjög góðri ensku að þeir styddu ekki við hluti eins og þetta, hinn vildi að ég borgaði 10.000 Evrur. Afskaplega óheppilegt. Allt í einu, alveg óvænt fékk ég skilaboð tilbaka frá FAS og komst í samband við Hjördísi. Samt litu hlutirnir ekki vel út fyrir mig og ég gerði ekki ráð fyrir að fara eitt eða neitt því þangað til í október var ég ekki með fjölskyldu á Íslandi. Kannski

er ég bara óþolinmóð. Ég kom 2. janúar. Það var gott ferðaveður. Við vorum bara níu klukkutíma frá Reykjavík til Hafnar.

Á fyrsta degi skólans sá ég að frí tíminn minn yrði að minnsta kosti ekki leiðinlegur. Margrét bauð mér á blak æfingu, Laufey bað mig að hjálpa til í leikhúsinu og Amylee var mjög til í að ég gengi í hljómsveitina. Fyrir utan þetta þá hef ég líka gaman af því að vera með fjölskyldunni minni hér. Stundum förum við út að ganga, suma daga tekur Hildur mig með í hesthúsið. Við förum í heimsókn til fjölskyldunnar og hittum vini og það bætast við fleiri og fleiri sem ég þekki.

Svo, að sjálfsgöðu, er skólinn. Mér líkar skólinn hér. Hann er mikið minni en sá sem ég er vön og ekki jafn strangur. Ég held að ég komi til með að sakna andrúmsloftsins og viðhorfsins þegar ég fer aftur í minn skóla í Þýskalandi. Lífið ekki á hlaupum og alltaf hægt að fá hjálp. Ég prófaði líka fög sem voru alveg ný



Mynd: Pia Wrede og Anna Lára Grétarsdóttir á Músiktilraunum

fyrir mig. Saumar til dæmis og íslenska, að sjálfsgöðu, sem ég, þökk sé Línu, skil dálítið í eftir önnina.

En förum aftur til þess sem tekur mest af tíma mínum þessa stundina: Fókus. Þetta byrjaði allt með hljómsveitar klúbbsi. Að minnsta kosti það er það sem ég hélt. Þegar ég kom fyrst í tónlistarskólann til að hlusta á þær spila sín eigin lög var ég alveg orðlaus og hugsaði að þær ættu virkilega að gera meira úr þessu. Það kom í ljós að var komið í gang. Í mars/apríl tókum við þátt í Músiktilraunum og unnum, augljóslega. Ég er svo þakklát að ég var, og er enn, hluti af þessu öllu. Eftir Músiktilraunirnar förum við og spiluðum á Aldrei Fór Ég Suður á Ísafirði og það var ótrúleg reynsla og þetta heldur áfram og verður viðburðaríkt sumar.

Að lokum, ég vil þakka öllum sem gerðu þessi skipti fyrir mig möguleg. Takk FAS og Hjördís, gesta fjölskyldan mín, Fókus og allir sem gerðu þessa mánuði að ótrúlegri reynslu.

SPURNING VIKUNNAR

Hvaða fiskur er ljótastur?



Baldvin Einarsson
Rottufiskur



Adam Zriouil
Steinbítur



**Kári Svan Gautason og
Nökkvi Sigurðsson**
Ufsi



Sigurður Karlsson
Skötuselur

UPPSKRIFT VIKUNNAR

Hreindýrafille með bourbon pipar-og parmesan sósu, og fylltum sveppum eftir Jóhann Helga Stefánsson

Bragi Fannar skoraði á mig í uppskriftaráskorun í síðasta tölublaði Eystrahorns. Ég er alinn upp við hreindýraveiðar og allt sem þeim fylgir fylgir. Hreindýrakjöt er án efa eitt besta kjöt sem hægt er að fá hér á landi. Það er í raun ekki hægt að klúðra hreindýrakjöti svo lengi sem þú eldar það ekki of lengi, well done hreindýrakjöt er jafn vont og kjöt sem er eldað að medium-rare er guðdómlegt! Þó svo að þessi uppskrift gerir ráð fyrir hreindýrafillet má að sjálfsögðu nota hvaða vöðva sem er til í frystikistunni hverju sinni. Ég skora á vin minn Sindra Snæ Þorsteinsson frá Skálafelli til þess að koma með næstu uppskrift.



Aðferð

Kjötið

Hreindýrafillet er piprað og saltað, sett á mjög heita pönnu með smjöri. Steikið í 2 mínútur á hvorri hlið. Þá er kjötið sett á heitt grill og eldað í 7-10 mín, þá er kjötið tekið af og látið standa í 5 mínútur. Kjötið er aftur sett á grillið í 7-10 mínútur, eða þar til kjarnhiti nær 62°C. Takið kjötið af grillinu og látið standa í 10 mínútur áður en það er borið fram með sósunni, sveppunum og bökuðum kartöflum.

Sósan

Bræðið smjör í potti við miðlungs hita, bætið við smátt skornum lauk og steikið í cirka 3 mínútur eða þangað til að hann er orðinn mjúkur. Bætið viskí, soði, krafti, pipar og timían við. Hækkið hitann þar til að allt létt sjóði. Lækkið hitann aftur og látið krauma í 8-10 mínútur eða þangað til allt hefur soðið til hálf. Fjarlægðu timían greinarnar. Bætið við rjómanum og hrærið á meðan, látið allt ná lítilli suðu. Látið sósun sjóða varlega og hrærið oft í 10-15 mínútur. Sósan á að vera þykkari en rjóminn. Takið pottinn af hellunni og hrærið parmesan ostinum saman við þar til að hann hefur bráðnað og blandast sósunni. Smakkið til með salti, parmesan og jafnvel meiri pipar.

Hráefni

Bourbon pipar- og parmesan sósa

2 matskeiðar smjör
1/2 -1 scarlottlaukur
150 ml Bourbon viskí t.d. Bullet eða Maker's Mark
125 ml kjúklingasoð
1 tsk villibráðar- eða nautakjötskraftur
1 og 1/2 tsk ferskur mulinn svartur pipar
4 greinar ferskt timían
360 ml rjómi
Salt eftir smekk
Rífinn parmesan ostur eftir smekk

Fylltir sveppir

1 askja sveppur
U.þ.b. 1/4 blaðlaukur
1 dós rjómaostur með karamelluseruðum lauk
1 tsk hvítlauksduft
1/4 tsk cyanne pipar
1 tsk ítölsk kryddblanda
1 og 1/2 msk ólífú olía
Salt og pipar eftir smekk
Parmesan eða annar góður ostur.

Sveppir

Stilkarnir eru teknir úr sveppunum og þeir hreinsaðir að innan. Skerið blaðlaukinn smátt og blandið saman öllum hráefnum í skál og hrærið saman. Sveppirnir eru fylltir af blöndunni. Næst skal pensla grillbakka með olíu og raða fylltu sveppunum á hann. Setjið bakkann á grillið. Rífið ost og stráðið yfir. Sveppirnir eru tilbúnir þegar vökvi lekur úr sveppunum og osturinn hefur bráðnað.

Verði ykkur að góðu!



MÁLFRÍÐUR MALAR

Ces têtes de morue et ces queues de subbu! Ég vil byrja á því að biðjast afsökunar á þeim blótsyrðum sem hér eru á frönsku. Ég er bara svo miður mín að ég víbra enn að innan sem utan og þar sem ég er heldri kona þá get ég ekki látið það eftir mér að setja á íslenska tungu blótsyrðin sem vella um í hjarta mér! Augu mín eru ennþá mjög sár eftir að hafa litið augum þá hörmung sem ég og vinur minn urðum vitni að. Ég vissi ekki að hér á Höfn væri fólk sem myndi búa á ruslahaugum! Ég vissi ekki einu sinni að hér innanbæjar væru þvílíkir ruslahaugar! Ég man samt eftir frétt á Rúv sem fjallaði um að Hornfirðingar væru svo miklar subbur og bjánar að þeir hentu hverju sem væri í Fjárhúsavík þar sem einungis ætti að henda garðúrgangi. Þetta var

svo mikil hneisa að Fjárhúsavíkinni var lokað! Hvað er þá að gerast í Óslandinu? Þar vex einn sá stærsti ruslahaugur sveitarfélagsins og ekki er verið að flokka úrgang þar. Hvernig má það vera að þetta er látið viðgangast? Ég sé ekkert að því að fyrirtæki séu með svæði þar sem þeir geta verið með tæki, tól, hráefni og fleira, en það hljóta að vera einhverjar reglur varðandi umgengni? Mér finnst, ef þetta er eðlileg þróun að hægt sé að búa til „einka“ ruslahauga þar sem fólki hentar, að sveitarfélagið fari fram á það að eigendur hauganna girði umhverfis þá! Þessi argasti subbuskapur þarf ekki að vera sýnilegur gestum og gangandi! Óslandið bæði fyrir ofan og neðan Óslandsveg eru svæði þar sem heimamenn, brottfluttir Hornfirðingar og ferðamenn hafa gaman af að þvælast um, skoða og njóta útivistar.

Málfríður


ORÐALEIT

LÚÐA
ROTTUFISKUR
TROLL
ROÐFLETTA
VEIÐFÆRI
LOÐNUBÁTUR
SJÓHATTUR
SJÓMANNADAGUR
BOBBINGUR
KOJA
TOGARI

Q	N	W	X	R	D	Y	P	W	Z	T	D	G	L	T	O	Z	L	Z	X	U	Q	P	O	U
X	R	U	N	V	O	U	T	B	D	R	M	C	V	L	Y	Z	J	I	Z	I	Q	L	V	W
C	V	U	V	E	Y	Ð	W	Z	X	Q	J	T	J	K	G	J	V	W	R	K	F	L	G	W
L	E	C	G	S	N	B	F	U	D	F	N	Y	P	P	M	M	Z	F	P	K	B	W	Z	I
J	I	N	O	A	X	P	B	L	D	R	I	W	Q	H	A	J	Z	W	C	F	R	Q	C	H
H	Ð	X	I	Q	D	I	P	T	E	Q	A	W	L	Z	R	D	I	Y	A	U	F	S	S	Y
D	F	P	Q	I	C	A	T	J	L	T	V	E	A	R	R	E	F	J	Y	W	I	Q	L	X
K	Æ	R	R	J	Z	Z	N	W	Q	K	T	D	A	X	U	S	O	K	P	T	O	N	V	X
U	R	H	X	M	P	P	Q	N	T	Q	Z	A	H	D	G	K	S	D	B	I	E	D	E	P
Z	I	S	C	T	U	T	Q	W	A	R	V	F	W	E	N	X	P	N	B	K	X	P	B	B
B	W	L	N	I	Q	W	Y	Y	K	M	H	K	Y	B	I	L	Y	W	J	T	G	E	T	W
X	L	C	B	M	X	M	J	H	P	Q	Ó	X	F	U	B	M	X	N	O	Y	R	Q	X	K
E	A	M	G	M	L	J	G	D	U	R	B	J	N	A	B	L	C	O	V	F	N	S	R	O
M	Ð	Q	L	E	D	G	V	O	U	X	H	L	S	U	O	S	W	P	Q	F	J	Q	N	B
D	Ú	K	Z	A	A	A	J	K	V	Y	M	Z	M	Ð	B	U	J	N	D	J	G	E	F	W
F	L	J	C	B	K	T	S	E	O	K	J	N	N	G	O	J	K	N	D	H	F	K	Q	S
B	O	N	R	A	Q	I	A	Y	J	F	R	U	T	T	A	H	Ó	J	S	F	P	J	D	V
P	B	Z	I	J	F	D	S	J	Z	T	B	S	B	J	X	B	W	J	J	Y	F	B	K	N
O	D	U	I	U	A	L	V	B	N	Å	F	H	T	J	L	M	Y	U	T	V	L	H	U	O
X	H	I	T	R	J	G	M	E	T	D	L	I	K	F	L	A	U	Z	F	M	X	C	C	K
A	D	T	G	A	O	M	R	U	T	W	G	C	R	K	V	S	Z	Z	V	E	E	Q	O	N
O	O	X	U	N	Q	E	R	O	H	Q	X	W	L	D	C	P	T	H	J	B	Y	R	X	R
R	V	B	J	Z	T	O	Q	S	G	I	L	T	R	O	L	L	V	M	G	R	E	O	P	N
M	R	K	L	Z	T	T	O	G	A	R	I	R	V	C	R	V	B	P	J	W	K	O	H	C
V	K	H	J	O	U	V	E	F	W	S	U	U	S	Y	K	W	V	P	V	G	X	H	N	M

HUMARHÁTÍÐ 2023

Ekki láta þig vanta!



DRÝSLAR
OG DÍSIR



PARKET

PAR
KET



TRÖLLIN



BENEDIKT
BÚÁLFUR

NOSTALGÍA



FÓKUS

BURNOUT
PALLAPARTÝ
HUMARSÚPA
LOPPUMARKAÐUR
KÚADELLULOTTÓ

HOPPUKASTALAR
SÖNGKEPPNI
FLUGSÝNING
BREKKUSÖNGUR
..OG MARGT FLEIRA

Viltu vera með...

Viðburð

Pallapartý

Humarsúpu

Nú fer hver að verða síðastur að grípa
tækifærið að koma sér á kortið!

Frestur er til 11. júní

Tölvupóstur:

humarhatidarnefnd@gmail.com

HUMARHÁTÍÐ Á HÖFN

HUMARHATID